

222. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 10. SEPTEMBER 2014 KL 9:00

haldinn á Biskupsstofu.

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerðir tveggja síðustu funda.
2. Kirkjuþing 2014
 - a) Undirbúningur þingsins - setningarathöfn
 - b) Mál kirkjuráðs
3. Fasteignir
 - a) Húsnaðismál Biskupsstofu – minnisblað
 - b) Prestsbústaðurinn Aðalstræti 57, Patreksfirði
 - c) Prestssetursjörðin Glaumbær í Skagafirði, eldri prestsbústaður
 - d) Beiðni um úttekt á Breiðabólstað, Suðurprófastsdæmi
 - e) Fasteignanefnd kirkjunnar
4. Málefni Skálholtsskóla
 - a) Útleiga Skálholtsskóla, drög að samningi við leigutaka
 - b) Rekstraryfirlit Skálholts
 - c) Bréf biskups til kirkjuráðs
 - d) Bréf vígslubiskups
 - e) Bænaskjal frá sóknarnefndum Skálholtsprestakalls
 - f) Bréf frá kirkjuþingsfulltrúum í Suðurprófastsdæmi
 - g) Bréf frá ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu
 - h) Erindi frá Skólaráði Skálholtsskóla
5. Fjármál
 - a) Fjárlagafrumvarp 2015
 - b) Fundargerð fjármalahóps
 - c) Þóknun kirkjuráðs
6. Mál frá kirkjustarfshópi
 - a) Starfsreglur um æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar
 - b) Gæðastefna
 - c) Fjölgun í þjóðkirkjunni
7. Tónlistarmál þjóðkirkjunnar
 - a) Greinargerð bráðabirgðastjórnar Tónskóla þjóðkirkjunnar
 - b) Skipun kirkjutónlistarráðs
8. Túlkaþjónusta - Táknmál

9. SAMFERÐ - Samráðsvettvangur um uppbyggingu ferðaþjónustu á Skálholtsstað.

10. Önnur mál.

- a) Starfsskýrslur og fundargerðir Skólaráðs Skálholtsskóla.
- b) Ný Fræðslustefna, kynning.
- c) Skipun þriggja fulltrúa í fulltrúaráð Hjálparstarf kirkjunnar til tveggja ára.
- d) Ályktanir frá sóknarnefndum Eyrabakkaprestakalls
- e) Gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk prests þjóðkirkjunnar frá 31.07.2104.
- f) Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Fundinn sátu jafnframt, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri og Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Magnús E. Kristinsson, forseti kirkjuþings, sat fundinn þegar rætt var um kirkjuþing 2014. Guðmundur Þór Guðmundsson, sviðsstjóri fasteigna, sat fundinn þegar málefni fasteigna voru á dagskrá.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 221. kirkjuráðsfundar var lagfærð lítillega og síðan samþykkt.

2. KIRKJUÞING 2014

a) Undirbúningur þingsins - setningarathöfnin

Rætt um undirbúning þingsins og setningarathöfnina. Þingið verður að venju haldið í Grensáskirkju og hefst laugardaginn 25. október kl. 9. Ákveðið var að biskup ræði við innanríkisráðherra um aðkomu hans að setningarathöfninni.

b) Mál kirkjuráðs

Framkvæmdastjóri fór yfir þau mál sem fram eru komin og kirkjuráð hyggst leggja fyrir kirkjuþing 2014.

Lagt var fram erindi frá innanríkisráðuneytinu þar sem vísað er til frumvarps til laga um breytinga á lögum um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 með síðari breytingum sem innanríkisráðherra lagði fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014. Málið gekk til allsherjar- og menntamálanefndar en komst ekki úr nefnd fyrir þinglok 2014.

Ráðuneytið óskar eftir afstöðu kirkjuráðs á því hvort kirkjuþing hafi hug á að taka frumvarpið til frekari skoðunar eða óski eftir því að það verði lagt fram á ný.

Kirkjuráð telur að frumvarpið þurfi ekki frekari skoðunar við á kirkjuþingi og samþykkti að óska eftir því við innanríkisráðherra að frumvarpið verði lagt fram á ný.

Lagt var fram erindi frá Persónuvernd um kjörskrár í kosningum hjá kirkjunni. Bent er á að trúfélagsaðild séu viðkvæmar persónuupplýsingar og falli því undir ákvæði laga um persónuvernd. Ákveðið var að leggja til breytingar á starfsreglum þar sem fjallað er um framlagningu kjörskrá þannig að kjörskrá verði lögð fram á lokuðum vef kirkjunnar.

Framkvæmdastjóri fór yfir skýrslu kirkjuráðs. Þá var einnig farið yfir fundargerð samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar sem haldinn var 10. desember sl. Ákveðið var að boða til fundar samstarfsnefndar fyrir kirkjuþing. Biskup mun finna hentugan tíma í samráði við forseta Alþingis.

3. FASTEIGNIR

a) *Húsnæðismál Biskupsstofu*

Húsnæðismál Biskupsstofu hafa verið til umræðu undanfarin ár. Fyrir fundinum lá minnisblað frá sviðsstjóra fasteignasviðs um þetta mál. Þar segir m.a.: „*Lengi hefur verið til umræðu að selja Kirkjuhúsið að Laugaveg 31, Reykjavík. Kemur þar til að forsendur allar hafa breyst frá því sem var þegar húseignin var keypt 24. ágúst 1994. Húsið er á dýrum og eftirsóttum stað og fermetraverð því hátt. Fjárbinding er því töluverð. Nýting fermetra í húsinu er ekki mjög góð m.v. þarfir Biskupsstofu og annarra stofnana og það er á fimm hæðum, þ.e. kjallari, þrjár hæðir og risloft. Húsið rúmar illa núverandi starfsemi. Aðgengi fatlaðra er vart viðunandi (t.d. hvað varðar aðkomu, lyftu og bílastæði). Almenn viðhald er mjög aðkallandi og ljóst að verja þarf tugum millj. til þess ef vel á að vera. Fundaraðstöður og snyrtingar eru vart fullnægjandi og eldhús naumast boðlegt.*“

Undanfarin ár hafa ýmsar fasteignir, sem boðnar hafa verið til sölu eða leigu miðsvæðis í Reykjavík, verið skoðaðar en ekki þótt henta nægilega vel með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru um hagnýtingu, aðgengi o.fl. Nýlega var fasteignasviði kynnt húsnæði að Ármúla 4, Reykjavík. Húsnæði þetta hefur verið boðið kirkjumálasjóði til leigu til langs tíma. Húsnæðið hefur verið skoðað af starfsmönnum Biskupsstofu, og forsvarsmönnum annarra kirkjulegra stofnana sem deila húsnæði með Biskupsstofu í núverandi Kirkjuhúsi og virðist húsnæðið henta vel starfseminni. Kirkjuráðsmenn hafa og skoðað húsnæðið.

Sviðsstjóra fasteignasviðs var falið að ræða við eiganda fasteignarinnar og afla nánari upplýsinga um samningsskilmála og kjör. Einnig var ákveðið að fá verðmat löggildra fasteignasala á fasteigninni Laugavegur 31.

b) *Prestsbústaðurinn Aðalstræti 57, Patreksfirði.*

Farið var yfir minnisblað frá sviðsstjóra fasteignasviðs, um prestsbústaðinn Aðalstræti 57, Patreksfirði. Þar kemur fram að þörf er töluverðra endurbóta á fasteigninni og er óskað eftir viðbótafjárheimild til fasteignasviðs vegna þess. Málið verður til umræðu á fundi kirkjuráðs í október þar sem fjallað verður um fjárhagsáætlun 2015.

c) *Prestsseturjörðin Glaumbær í Skagafirði, eldri prestsbústaður*

Farið var yfir minnisblað frá sviðsstjóra fasteignasviðs, um eldri prestsbústað í Glaumbæ. Húsið er í frekar slæmu ástandi og er til lýta á staðnum. Taka þarf ákvörðun um framtíð hússins þ.e. hvort það verður hugsanlega selt eða fjarlæggt. Málinu frestað til næsta fundar, en þá verður lögð fram skýrsla starfshóps kirkjuráðs sem skipaður var í apríl mánuði sl. um stöðu prestssetursjarða.

Sr. Gísli Gunnarsson vék af fundi meðan þessi dagskrárliður var til umræðu.

d) Beiðni um úttekt á Breiðabólstað, Suðurprófastsdæmi

Lagt var fram erindi sr. Önundar Björnssonar, vegna prestssetursjarðarinnar Breiðabólstaðar. Erindinu var vísað til fasteignasviðs.

e) Fasteignanefnd kirkjunnar.

Lagt var fram minnisblað sviðsstjóra fasteignasviðs um að kirkjuráð og starfshópar ráðsins taki yfir verkefni fasteignanefndar kirkjunnar og að nefndin verði því lögð niður í einföldunar- og hagræðingarskyni. Í því skyni var framkvæmdastjóra kirkjuráðs falið að semja tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum nr. 950/2009 um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar

4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) Útleiga Skálholtsskóla, drög að samningi við leigutaka

Framkvæmdastjóri kynnti drög að samningi vegna leigu á veitinga- og gistipjónustu í Skálholtsskóla og var falið að kynna þau fyrir tilboðsgjafa.

b) Rekstraryfirlit Skálholts

Fjármálastjóri fór yfir rekstraryfirlit Skálholts vegna 2013 og áætlun 2014. Einnig voru lögð fram drög að endurskoðaðri rekstraráætlun til þriggja ára miðað við forsendur um leigu á veitinga- og gistipjónustu Skálholtsskóla.

Lögð voru fram eftirtalin gögn er varða málefni Skálholts:

- Bréf biskups til kirkjuráðs
- Bréf vígslubiskups
- Bænaskjal frá sóknarnefndum Skálholtsprestakalls
- Bréf frá kirkjupingsfulltrúum í Suðurprófastsdæmi
- Bréf frá ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnassýslu
- Erindi frá Skólaráði Skálholtsskóla

5. FJÁRMÁL

a) Fjárlagafrumvarp 2015

Fjármálastjóri kynnti fjárlagafrumvarp 2015 sem var lagt fram á Alþingi 9. september 2014. Ákveðið var að embættismenn og kirkjuráðsmaður færu á fund í innanríkisráðuneytinu til að ræða fjárframlög til þjóðkirkjunnar. Fundurinn verður þann 15. september nk.

b) Fundargerð fjármálahóps.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

c) Þóknun kirkjuráðs

Kirkjuráð ákvað að þóknun kirkjuráðs skuli fylgja viðbótarlaunum prófaste í minni prófasteðdæmum frá áramótum 2014.

6. MÁL FRÁ KIRKJUSTARFSHÓPI

a) *Starfsreglur um æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar.*

Kynntar voru tillögur kirkjustarfshópsins. Kirkjuráð ákvað að vinna þyrfti að endurskipulagningu æskulýðsnefndarinnar. Málinu var vísað til biskups.

b) *Gæðastefna.*

Málið verður rætt í tengslum við fjárhagsáætlun 2015.

c) *Fjölgun í þjóðkirkjunni.*

Kirkjuráð ákvað að leggja málið fyrir kirkjuþing 2014 í formi þingsályktunartillögu. Skrifstofustjóra og framkvæmdastjóra falið að búa málið til framlagningar á kirkjuþing 2014.

7. TÓNLISTARMÁL ÞJÓÐKIRKJUNNAR

a) *Greinargerð bráðabirgðastjórnar Tónskóla þjóðkirkjunnar*

Formaður bráðabirgðastjórnar kynnti niðurstöður vinnu stjórnarinnar varðandi framkvæmd á tillögum starfshóps kirkjuráðs frá 2012. Stjórnin hefur nú skilað af sér og þakkaði biskup henni vel unnin störf.

b) *Skipun kirkjutónlistarráðs*

Í tillögum starfshóps, sem vann greinargerð um tónlistarmál þjóðkirkjunnar árið 2012, kemur fram að skipa skuli kirkjutónlistarráð. Kirkjuráð ákvað að setja í starfsreglur nr. 768/2002 um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar ákvæði um ráðið og hverjir tilnefni í það. Starfsreglubreytingin verði lögð fyrir kirkjuþing 2014. Ákveðið var að óska eftir því við bráðabirgðastjórnina að sitja til næstu áramóta.

8. TÚLKAÞJÓNUSTA – TÁKNMÁL

Lagt fram erindi frá innanríkisráðuneyti og farið yfir greinargerð frá skrifstofu- og mannauðsstjóra um málið. Kirkjuráð óskaði eftir að því að tillögur sem fram koma í greinargerðinni verði útfærðar enn frekar og lagðar fyrir á næsta fundi.

9. SAMFERÐ – SAMRÁÐSVETTVANGUR UM UPPBYGGINGU FERÐAÞJÓNUSTU Í SKÁLHOLTI

Kirkjuráð boðaði til fundar á Biskupsstofu þann 9. september sl. til að ræða verkefnið *SAMFERÐ - Samráðsvettvangur um uppbyggingu ferðaþjónustu á Skálholtsstað*. Fram kom á

fundinum að forsenda fyrir því að hægt verði að vinna að verkefninu áfram sé að lokið verði við deiliskipulag Skálholts. Sú vinna er hafin en gert var hlé á henni í lok síðasta árs. Kirkjuráð ákvað að vinnu við deiliskipulag í Skálholti verði haldið áfram þar sem frá var horfið. Málið verður rætt í tengslum við fjárhagsáætlun 2015.

10. ÖNNUR MÁL

- a) *Starfsskýrslur og fundargerðir Skólaráðs Skálholtsskóla.*
Fundargerð Skólaráðs frá 8. september lögð fram.
- b) *Ný Fræðslustefna, kynning.*
Málinu var frestað
- c) *Skipun þriggja fulltrúa í fulltrúaráð Hjálparstarf kirkjunnar til tveggja ára.*
Samþykkt var að skipa áfram þau Páll Kr. Pálsson, Þorsteinn Pálsson og Kristínu Magnúsdóttur.
- d) *Ályktanir frá Eyrarbakka– og Stokkseyrarsóknum.*
Ályktanir lagðar fram til kynningar. Í ályktununum er skorað á biskup Íslands að auglýsa Eyrarbakkaprestakall sem fyrst.
- e) *Gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar frá 31.07.2014.*
Innanríkisráðuneytið samþykkti 31. júlí sl. nýja gjaldskrá um aukaverk presta þjóðkirkjunnar. Hún mun verða send út til presta.
- f) *Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar.*
Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar hefur unnið að stefnumótun kirkjunnar í starfi fyrir eldri borgara. Einnig hefur nefndin unnið að fræðslustefnu fyrir eldri borgara. Nefndin leggur til að stefnurnar verði lagðar fram á kirkjuþingi 2014. Málinu var vísað til biskups Íslands.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu 8. október nk. kl. 9:00.

Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Ragnhildur Benediktsdóttir
fundarritari